

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd

9.2.2023
2024-01-61/0.11.1

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum
(Raforkueftirlitið) – þskj. 29 – 29. mál**

Landsnet vísar til erindis nefnda- og greiningarsviðs Alþingis, dags. 26. janúar sl., þar sem atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um Orkustofnun og raforkulög (Raforkueftirlitið), 29. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins skilaði Landsnet umsögn um frumvarpið á fyrra löggjafarþingi. Í umsögninni var lögð áhersla á að ákvæði 24. gr. raforkulaga endurspegli betur 36. og 37. gr. tilskipunar 2009/72/EB, enda beri að hafa í huga að eftirlit samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar snúi að mörgum þáttum, bæði fjárhagslegum og tæknilegum, sem og heildarvirkni raforkumarkaðar. Í viðbrögðum ráðuneytisins er tekið undir sjónarmið Landsnets en tiltekið að setja þurfi breytingar þær sem Landsnet leggur til í víðara samhengi um verkefni Raforkueftirlitsins með gjaldskráum flutnings- og dreifikerfa. Þá er tekið fram að áformað sé að leggja fram sérstakt frumvarp hvað það varðar og að ráðuneytið muni taka mið af ábendingu Landsnets í þeirri vinnu. Landsnet leggur áherslu á að vinnu við slíkt frumvarp verði hraðað svo sem nokkur kostur er og að í þeirri vinnu verði einnig horft til þess að uppfæra ákvæði laga um verkefni og úrræði Raforkueftirlitsins, með skilvirkni að leiðarljósi.

Markmið frumvarpsins er að innleiða þau ákvæði í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB sem varða sjálfstæði raforkueftirlits Orkustofnunar. Ákvæði tilskipunarinnar leggja m.a. á skyldur um að tryggja sjálfstæði, gagnsæi og hlutleysi eftirlitsaðila. Landsnet telur að frumvarpið uppfylli í meginatriðum að þessar skyldur eru teknar inn í íslenskan rétt en gerir eftirfarandi breytingartillögur við einstakar greinar:

b-liður 4. gr. (Starfshættir Raforkueftirlitsins)

Greinin fjallar um starfshætti Raforkueftirlitsins hvað varðar sjálfstæði og samráð. Undir ákvæði tilskipunarinnar um þetta falla ákvæði um sjálfstæði, gagnsæi og jafnræði. Þá er í tilvikipuninni auk samráðs við samkeppnisyfirvöld sérstaklega fjallað um samráð við flutningskerfisstjóra í 2. mgr. 37. gr. tilskipunarinnar, enda felur regluverk Evrópusambandsins flutningskerfisstjórum ýmsar skyldur og verkefni. Í ljósi ákvæða tilskipunarinnar leggur Landsnet til að skoðað verði að orða 1. og 2. mgr. b-liðar 4. gr. frumvarpsins svo (breytingartillögur undirstrikaðar):

Til að tryggja sjálfstæði, gagnsæi og jafnræði í störfum sínum við raforkueftirlit skal Raforkueftirlitið setja sér starfsreglur. Ráðherra getur, að fenginni umsögn Raforkueftirlitsins, kveðið nánar á um hlutverk og verkefni Raforkueftirlitsins í reglugerð.

Raforkueftirlitið skal hafa samráð við Samkeppniseftirlitið um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna eftir því sem við á. Þá skal Raforkueftirlitið eftir því sem við á hafa samráð við flutningsfyrirtækið þegar það sinnir eftirlitsskyldum sínum.

Landsnet hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarpið en er reiðubúið að fylgja umsögninni eftir við nefndina ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur.